

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Íslenska**

# **Breytingar á framburði**

*Með hliðsjón af félagslegum þáttum*

**Ritgerð til BA-prófs í íslensku**

**Lilja Björk Stefánsdóttir**

**Kt: 220490-2039**

**Leiðbeinendur: Sigríður Sigurjónsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir**

**Maí 2016**

## Ágrip

Skoðanir eru að mörgu leyti byggðar á viðhorfum og því hafa viðhorf áhrif á flest, ef ekki öll, svið mannlífsins og þar er tungumálið ekki undanskilið. Með tilkomu félagsmálvísinda hafa rannsóknir málvísindamanna beinst að hinum félagslega þætti tungumálsins og þar geta viðhorf til máls haft mikið að segja. Meginmarkmið þessarar ritgerðar er að kanna hvernig viðhorf til mismunandi mállýskna hafa áhrif á þróun þeirra og viðgang og hvort skýra megi hvort og þá hvernig fólk breytir máli sínu með hliðsjón af þeim viðhorfum sem eru ríkjandi til mismunandi mállýskna. Í ritgerðinni verður fjallað um gildi viðhorfsrannsókna í tengslum við mál og málafrbrigði og einnig verður greint frá helstu vandamálum sem fylgja slíkum rannsóknum. Framburður Helga Hrafns Gunnarssonar, formanns Pírata á Íslandi, var skoðaður með það að leiðarljósi hvort greina megi breytingar á framburði hans í tengslum við breytingar á félagslegum aðstæðum hans á síðustu árum. Í ljós kom að breytingar á félagslegum aðstæðum endurspeglast að vissu leyti í framburði hans en í nýlegri ræðu á Alþingi hefur Helgi Hrafn bæði harðmæli og vestfirskan einhljóðaframburð í máli sínu, en bæði þessi framburðareinkenni eru honum ekki eðlislæg. Í ritgerðinni er greint frá þessum ólíku framburðareinkennum og leitast við að skýra stöðu þeirra í íslensku máli út frá viðhorfum til þeirra sem síðan eru sett í samhengi við áður nefndar framburðarbreytingar í máli Helga Hrafns. Ljóst er að viðhorf hafa áhrif á stöðu mállýskna og ólík viðhorf til mismunandi mállýskna geta einnig haft áhrif á það hvernig fólk breytir máli sínu í viðleitni til að móta viðhorf þeirra sem á hlýða.

## **Þakkir**

Fyrst og fremst vil ég þakka leiðbeinendum mínum, Rannveigu Sverrisdóttur og Sigríði Sigurjónsdóttur, fyrir frábæra leiðsögn og samstarf við gerð þessarar ritgerðar. Einnig vil ég þakka Margréti Guðmundsdóttur fyrir veitta aðstoð. Sambýlismanni mínum, Sindra, og dóttur okkar, Lóu, þakka ég endalausan stuðning og ást og að lokum vil ég þakka foreldrum mínum fyrir að hafa alltaf haft óbilandi trú á mér.

# Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	1
2. Mállyskur .....	3
2.1 Staðbundnar mállyskur .....	4
2.2 Félagslegar mállyskur .....	5
3. Tungumál og viðhorf .....	8
3.1 Af hverju eru viðhorf rannsökuð? .....	8
3.2 Vandamál við viðhorfsrannsóknir .....	9
3.3 Hvernig hafa viðhorf áhrif á mállyskur? .....	10
3.3.1 Viðhorf til harðmælis .....	11
3.3.2 Viðhorf til vestfirskis einhljóðaframburðar .....	15
4. Breytt mál í tengslum við breyttar félagslegar aðstæður .....	19
5. Lokaorð .....	23
Heimildaskrá .....	25

# 1. Inngangur

Tungumál er verkfæri til tjáskipta sem gerir fólki kleift að koma hugsunum sínum og skoðunum á framfæri. Mikilvægi tungumálsins í víðari skilningi er hins vegar að verða sífellt viðurkenndara og hefur t.d. vægi tungunnar þótt mikið hvað varðar samkennd meðal þjóða og eru ýmsir sem telja sameiginlegt móðurmál veita einstaklingum ákveðinn sameiginlegan menningargrundvöll. Sú skoðun hefur verið nokkuð viðtekin að sameiginlegt tungumál sé eins konar kjarni þjóðar og kemur sú skoðun t.d. fram í þeirri algengu tilhneigingu að flokka fólk á grundvelli móðurmáls þeirra. Raunin er hins vegar sú að ýmsar þjóðir búa við fleiri en eitt tungumál, eins og t.d. í Kanada þar sem bæði franska og enska er töluð, og þá getur eitt og sama tungumál einnig verið ríkjandi í fleiri en einu landi, t.d. er spænska gott dæmi um slíkt tungumál. Þá getur innri breytileiki tungumála jafnframt verið töluverður en þegar um slíkt ræðir er gjarnan talað um mállýskur innan sama tungumáls og eru mállýskur ýmist svæðis-, stétt-, aldurs- eða kynbundnar.

Í þessari ritgerð verður fjallað um mállýskur og hvernig viðhorf til þeirra hafa áhrif á þróun mállýskna annars vegar og málhafa hins vegar. Fjallað verður um viðhorfsrannsóknir í tengslum við tungumál og mállýskur; hvers vegna þær eru mikilvægar og jafnframt verður gerð grein fyrir helstu vandkvæðum sem tengjast slíkum rannsóknum. Meginmarkmið þessarar ritgerðar er að kanna hvernig viðhorf hafa áhrif á þróun og viðgang mállýskna og hvort skýra megi hvernig fólk breytir máli sínu með meðvitundum hætti með hliðsjón af ólíkum viðhorfum til mismunandi mállýskna.

Efnisskipan ritgerðarinnar er eftirfarandi. Í öðrum kafla verður fjallað almennt um mállýskur, þær skilgreindar ásamt því sem greint verður frá helstu gerðum mállýskna og verða bæði tekin íslensk og erlend dæmi um mismunandi gerðir þeirra. Í þriðja kafla verður fjallað um tungumál og viðhorf og greint verður frá mikilvægi viðhorfsrannsókna í tengslum við mállýskur þar sem einblínt er á tvö staðbundin framburðareinkenni í íslensku, *harðmæli* og *vestfirskan einhljóðaframburð*, og ólík viðhorf til þeirra. Í fjórða kafla verður fjallað um hvernig mál fólks getur breyst í samræmi við breytingar á félagslegum aðstæðum þess. Greint verður frá athyglisverðum framburðarbreytingum í máli Helga Hrafns Gunnarssonar, formanns Pírata á Íslandi, og leitast við að skýra breytingar á framburði hans út frá viðhorfum til mállýskna annars vegar og þeirra landssvæða sem mállýskurnar eru bundnar við hins vegar. Með tilkomu félagsmálvísinda hefur orðið áhugaverð viðhorfsbreyting til eðlis og hlutverks tungumálsins og er því ljóst að hugmyndir um hlutverk þess sem verkfæri til

tjáskipta eingöngu eru barn síns tíma. Meðvitaðar breytingar fólks á málfari sínu sýna glögglega tengsl málsins við félagslega fleti mannlífsins og hvernig málið hefur áhrif á það hvernig fólk skilgreinir sjálf sig og aðra. Því tel ég rannsóknir sem þessar mikilvægar til þess að varpa ljósi á hversu mikil áhrif viðhorf hafa á bæði þróun tungumála og málafríðða sem og á málhafa og hvernig fólk getur notað tungumálið til þess að hafa áhrif á viðhorf annarra til sín. Í fimmta kafla er svo efni ritgerðarinnar dregið saman ásamt stuttum lokaorðum.

## 2. Mállýskur

Í þessum kafla verður fjallað almennt um mállýskur. Hugtakið mállýska vísar til innri breytileika tungumála og á við um málvenju sem er ýmist svæðis- eða stéttbundin en mállýskur geta einnig verið aldurs- og kynbundnar. Algennt er að fólk tengi mállýsku fyrst og fremst við ákveðin sérkenni í framburði, svokallaðar framburðarmállýskur, en mállýskur geta einnig einkennst af orðaforða eða muni í beygingarmyndun og setningagerð. Í þessari ritgerð verður hugtakið mállýska notað yfir framburðarmállýskur nema annað sé tekið fram. Mállýskumunur var lengst af minni hérlendis en víða annars staðar og hafa sumir jafnvel gengið svo langt að segja að íslenskt mál sé beinlínis laust við mállýskur. Á Íslandi má þó greina málframsmun sem bundinn er við landshluta (Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson, 2000:153). Nýlegar rannsóknir hafa jafnframt sýnt fram á að aldursbundinn málframsmunur er orðinn töluvert meiri en fyrir nokkrum áratugum síðan (Höskuldur Þráinsson o.fl. ritstj. 2013, 2015 og væntanlegt) og því er nauðsynlegt að stíga varlega til jarðar í staðhæfingum um meint mállýskuleysi á Íslandi. Íslenskar mállýskur eru þó ekki eins ólíkar innbyrðis og margar mállýskur í erlendum málum en víða er algennt að mállýskumunur sé það mikill að málhafar sama tungumáls eiga erfitt með að skilja hver annan. Þá geta mörkin milli mismunandi mállýskna annars vegar og mismunandi tungumála hins vegar verið óljós og eins og Kristján Árnason (1999:452-453) fjallar um í greininni *Landið, þjóðin, tungan- og fræðin* geta pólitísk sjónarmið haft sitt að segja hvað það varðar. Kristján nefnir skandinavísku málin norsku, sænsku og dönsku sem dæmi um tungumál sem eru svo lík innbyrðis að vel mætti flokka þau sem mismunandi málafbrigði sama tungumáls. Ástæða þess að talað er um þrjú tungumál á Skandinavíuskaganum er hins vegar sú að ríkin eru þrjú og hvert þurfa þau sitt opinbera tungumál. Að mati Kristjáns eru dæmi sem þessi til marks um mikilvægi þjóðtungunnar í pólitískum skilningi.

Hafa skal í huga að greinarmunur er gerður á framburðarmállýsku annars vegar og framburðareinkennum hins vegar. Til skýringar má segja að mállýska sé t.d. norðlenska í heild sinni en norðlenska einkennist af ákveðnum framburðareinkennum, eins og harðmæli og rödduðum framburði. Í umfjöllunum um mállýskur hefur borið á því að talað sé um t.d. harðmæli sem mállýsku en mikilvægt er að gera greinarmun á mállýskum og framburðareinkennum sem einkenna ákveðnar mállýskur (Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson, 2000:154-156). Í næstu undirköflum verður fjallað stuttlega um staðbundnar og félagslegar mállýskur og umfjöllunin sett í samhengi við megináherslu ritgerðarinnar.

## 2.1 Staðbundnar mállýskur

Eins og fram hefur komið hefur mállýskumunur lengst af verið minni á Íslandi en víða annars staðar. Þótt mállýskumunur hérlendis sé það lítilt að hann valdi ekki erfiðleikum við skilning má hins vegar oft greina af máli fólks hvaðan af landinu það kemur. Þegar um slíkt ræðir er talað um að mállýskur séu staðbundnar og er þá átt við mállýskur sem virðast bundnar ákveðnum landssvæðum (Kristján Árnason, 1983:199). Frá því snemma á síðustu öld hefur framburður íslensks nútímamáls verið nokkuð markvisst rannsakaður og hafa rannsóknir sýnt að nokkuð er um framburðarmállýskur á Íslandi. Framburðareinkenni sem tilheyra staðbundnum mállýskum eru t.d. harðmæli og raddaður framburður en þessi einkenni eru hluti af mállýsku sem kölluð er norðlenska. Þessi framburðareinkenni eiga það sameiginlegt að vera minnihlutaframburður og að einhverju leyti frábrugðin þeim framburði sem talinn er almennastur í nútímaíslensku. Málnotendur sem hafa harðmæli í framburði sínum, og eru gjarnan sagðir harðmæltir, nota fráblásin lokhljóð í inn- og bakstöðu á eftir löngu sérhljóði. Þannig bera harðmæltir einstaklingar fram orð eins og *tapa* og *láta* sem [t<sup>h</sup>a:p<sup>h</sup>a] og [lau:t<sup>h</sup>a]. Meirihluti landsmanna notar hins vegar ófráblásin lokhljóð í sömu stöðu, og kallast slíkt linmæli og málnotendur eru sagðir linmæltir. Linmæltir einstaklingar bera því orðin *tapa* og *láta* fram sem [t<sup>h</sup>a:pa] og [lau:ta] (Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson, 2000:154-158).

Vestfirskur einhljóðaframburður er annað dæmi um staðbundið framburðareinkenni í íslensku máli. Málnotendur sem hafa vestfirskan einhljóðaframburð bera fram einhljóðin [a, ε, œ] þar sem að baki liggur /a, e, ö/ á undan *-ng* eða *-nk* en meirihluti landsmanna ber fram tvíhljóð í sömu stöðu. Í máli einstaklinga sem hafa vestfirskan einhljóðaframburð eru orð eins og *banki* og *löng* borin fram sem [paŋci] og [lœŋk] en þeir sem hafa hinn ríkjandi tvíhljóðaframburð bera sömu orð fram sem [pauŋci] / [pauŋc<sup>h</sup>i] og [lœiŋk]. Vestfirskan einhljóðaframburð má finna í máli fólks um alla Vestfirði en hann hefur þó verið talinn sterkastur í Ísafjarðarsýslum (Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson, 2000:180-181). Í dag er einhljóðaframburðurinn á undanhaldi en samkvæmt niðurstöðum *Rannsóknar á íslensku nútímamáli (RÍN)* var hann enn vel greinanlegur á Vestfjarðarkjálkanum í byrjun 9. áratugar síðustu aldar þótt kjarnasvæði hans hefði minnkað. Þá sýndu niðurstöður *RÍN*-rannsóknarinnar fram á að *e*-framburður, í orðum eins og *fengur*, er að mestu leyti horfinn en talsvert er um bæði *a*-framburð og *ö*-framburð. Þá vekur athygli að *ö*-einhljóðaframburðurinn heldur sér nokkuð vel og er mun algengari en *a*-framburðurinn (Kristján Árnason 2005:398). Samkvæmt rannsókn Margrétar Guðmundsdóttur (2016), sem hún vann í samvinnu við Kristján Árnason (hér eftir verður Margrét talin ein fyrir rannsókninni), þykir vestfirski einhljóðaframburðurinn ekki sérlega



fallegur, jafnvel skritinn, sem kann að skýra af hverju *ö*-einhljóðaframburðurinn heldur sér best, en hann er ekki nærri jafn áberandi og *a*-framburðurinn. Samkvæmt rannsóknum hefur dregið úr svæðisbundnum sérkennum í framburði á íslensku máli og flest framburðareinkenni sem eru í minnihluta virðast vera á undanhaldi. Er það helst harðmælið norðlenska sem hefur haldið sér að einhverju marki en betur verður fjallað um það í kafla 3.3.1 (Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson, 2000:160, 180-181).

## 2.2 Félagslegar mállýskur

Í kafla 2 hefur verið fjallað um mállýskur og framburðareinkenni sem eru staðbundin en eins og fram hefur komið geta mállýskur einnig verið stéttbundnar, aldurs- og/eða kynbundnar, þ.e. þá geta ytri þættir á borð við menntun, stétt og félagslega stöðu, kyn og aldur haft áhrif á mál fólks. Á síðari árum hafa rannsóknir á sviði málvísinda beinst í auknum mæli að hinum félagslega þætti tungumálsins, þ.e. hvernig samfélagið og félagslegar aðstæður hafa áhrif á tungumálið og öfugt. Slík fræði eru gjarnan kölluð félagsmálvísindi og eru almennt flokkuð sem undirgrein málvísinda. Félagsmálfræðingar líta á tungumálið sem hverja aðra félagslega hegðun og leitast t.d við að skýra innri breytileika tungumála út frá félagslegum sjónarmiðum. Þegar málfarsmun má rekja til félagslegra aðstæðna er talað um að mállýskur séu af félagslegum toga en við rannsóknir á félagslegum mállýskum beina rannsakendur sjónum að sambandi máls og félagslegra þátta og hvernig samspili þessara þátta er háttað (Labov, 1972:183).

Einn þeirra sem hefur rannsakað mállýskur og framburð frá félagslegu sjónarmiði er breski málvísindamaðurinn Peter Trudgill (Chambers og Trudgill, 1980:67-68) en hann stóð fyrir veigamikilli rannsókn á máli fólks í Norwich-héraði í Englandi á áttunda áratug síðustu aldar. Í rannsókninni flokkaði Trudgill 60 málhafa í fimm stéttir með það fyrir augum hvort greina mætti breytileika í máli fólks eftir stéttum. Trudgill byggði flokkun sína m.a. á menntun og tekjum þeirra einstaklinga sem til rannsóknar voru og náði flokkunin allt frá lægri verkamannastétt (e. *lower working class*) til miðjuhluta miðstéttar (e. *middle middle class*). Rannsókn Trudgill beindist m.a. að enska viðskeytinu *-ing* í orðum eins og e. *running*, og í ljós kom að greina mátti marktækan mun á notkun viðskeytisins og framburði á orðum sem innihalda það eftir stéttum. Þá kom jafnframt í ljós að gífurlega mikill munur var á máli fólks úr efstu og lægstu stétt flokkunarinnar, þar sem málhafar úr efstu stétt báru fram orð með viðskeytinu *-ing* með með framburði sem var mun nær „hefðbundnum“ framburði í Englandi.

Rannsóknir Trudgill, og annarra, sýna fram á að greinilegur stéttbundinn mállýskumunur er í þeirri ensku sem töluð er á Englandi.

Stéttbundnar mállýskur má finna í allmörgum tungumálum heims en fram undir lok 20. aldar var almennt talið að slíkan málfarsmun væri ekki að finna á Íslandi, a.m.k ekki í sama mæli og í t.d. Englandi. Í dag er hins vegar orðið ljóst að þó nokkuð er um aldursbundinn málfarsmun í íslensku, sem gjarnan tengist menntun fólks, en í flestum tilvikum er um breytileika í setningagerð að ræða en ekki hefðbundnar framburðarmállýskur, líkt og þær sem greint hefur verið frá hér (sjá t.d. Ástu Svavarsdóttur 1982, Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling, 2001 o.fl.). Ný setningagerð sem er að þróast í málinu er hin svonefnda nýja þolmynd, eða nýja setningagerðin, og dæmi um setningar með þessari setningagerð eru t.d. *Það var sagt mér að koma* og *Það var lamið mig*. Helgi Skúli Kjartansson (1991:18) var fyrstur til að greina frá þessari setningagerð og nefndi hana nýju þolmyndina, enda minnir hún að mörgu leyti á hefðbundna þolmynd, er mynduð með hjálparsögninni *vera* og lýsingarhætti þátíðar af aðalsögninni, og virðist jafnframt vera notuð við svipaðar aðstæður.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling stóðu fyrir fyrstu kerfisbundnu rannsókninni á nýju setningagerðinni veturinn 1999-2000. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að þessi setningagerð er orðin algeng í máli ungs fólks í dag og virðist einkum bundin við mál barna og unglunga þrátt fyrir að hennar gæti einnig í máli eldri málhafa (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling, 2001:174-175). Nýja þolmyndin var einnig til rannsóknar í svonefndu *Tilbrigðaverkefni* sem fór fram sjö árum síðar og sýndu niðurstöður þeirrar rannsóknar einnig greinilegan aldursbundinn mun hvað varðar mat og notkun setningagerðarinnar þar sem notkunin mældist enn mest meðal yngstu málhafanna. Þá leiddi rannsókn Sigríðar og Joan (2001) í ljós að skólaganga foreldra hefur marktæk áhrif á mat unglunga á nýju setningagerðinni, en eftir því sem skólaganga foreldra er meiri er ólíklegra að unglingur samþykki þessa nýjung, og staðfesta niðurstöður *Tilbrigðaverkefnisins* þessi tengsl. Til nánari rökstuðnings má benda á að báðar rannsóknir sýna fram á að setningagerðin kemur fyrir um land allt en þó mælist hlutfall málhafa sem samþykkja hana marktækt lægra á Reykjavíkursvæðinu vestan Elliðaáa en í úthverfum Reykjavíkur og á landsbyggðinni. Ýmsar rannsóknir hafa einmitt sýnt fram á að hlutfallslega fleira háskólamenntað býr fólk á Reykjavíkursvæðinu vestan Elliðaáa en annars staðar á landinu sem staðfestir áður nefnd tengsl milli skólagöngu foreldra (menntunar) og mats unglunga á nýju setningagerðinni (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling, 2001, Sigríður Sigurjónsdóttir, væntanlegt).

Þannig má flokka nýju setningagerðina sem félagslegt tilbrigði í íslensku máli enda er hún bæði aldursbundin og tengd félagslegri stöðu málhafa. Þó ber að hafa í huga að hér er um nýlega málbreytingu að ræða og er því erfitt að segja til um þróun hennar enn sem komið er, t.d. hvort hún verði áfram háð félagslegum þáttum á borð við aldur og menntun. Niðurstöður nýlegra rannsókna benda þó til að þessi málbreyting eldist ekki af málhöfum og þá er hún jafnframt einnig farin að breiðast út meðal yngri málhafa vestan Elliðaáa (sjá Sigríði Sigurjónsdóttur, væntanlegt).

### 3. Tungumál og viðhorf

Frá málvísindalegu sjónarhorni séð eru öll tungumál og tungumálaafbrigði jafngild. Hins vegar virðist fólk hafa ákveðna tilhneigingu til þess að mynda sér viðhorf og jafnvel skoðanir á tungumálum og málaafbrigðum. Viðhorf eru huglæg og eru margir ósammála hvað skilgreiningu varðar á þeim en flestir samþykkja þó þá skilgreiningu að viðhorf sé ákveðin tilhneiging til að veita jákvætt eða neikvætt svar um ákveðinn hlut, atburð, manneskju eða stofnun (Wingstedt, 1998:11). Ólík viðhorf til tungumála og málaafbrigða koma t.d. fram í því að fólk þykir sum mál falleg, jafnvel faguð, en önnur ófín og sökum þessara ólíku viðhorfa myndast eins konar flokkun eða stéttaskipting tungumála og málaafbrigða. Suzanne Romaine (1995:289-290) telur að stéttaskiptingu tungumála og málaafbrigða megi rekja til stéttaskiptingar einstaklinga, þjóða og þjóðfélagshópa og þannig kunni neikvæð viðhorf til ákveðinna mála að stafa af neikvæðu viðhorfi til málhafanna. Það kann þó að virka á báða bóga og hafa ýmsar rannsóknir sýnt fram á að fólk nýtur mismikillar virðingar eftir því hvaða tungumál það talar, og á það ekki síst við í fjöltyngdum samfélögum. Þá hafa ýmsir varpað fram þeirri spurningu hvort ástæðu þess að minnihlutahópar eiga erfitt uppdráttar í stórum samfélögum megi fyrst og fremst rekja til neikvæðra viðhorfa til tungumáls þeirra (Rannveig Sverrisdóttir 2007:90). Um það verður ekki fullyrt að sinni en því er ekki að neita að viðhorf til tungumála og málhafa eru nátengd. Líkt og fram hefur komið eru öll mál jöfn frá málvísindalegu sjónarhorni og því er stéttaskipting tungumála og málaafbrigða samfélagslega skilyrt, þ.e. byggð á ríkjandi hugmyndum í samfélaginu hverju sinni. Fólk byggir viðhorf sín út frá öllum hliðum tungumálsins, hvort sem þau snúa að framburði, hrynjanda, setningafræði, tjáningu eða öðru og ríkjandi hugmyndir samfélagsins ákvarða hvort viðhorfin séu jákvæð eða neikvæð. Þannig eiga allir þættir tungumálsins, og hvernig þeir falla að ríkjandi hugmyndum samfélagsins, þátt í því hvernig stéttaskipting tungumála og málaafbrigða verður til en sökum þess hversu samfélagslega skilyrt þessi viðhorf eru má ætla að þau séu breytileg eftir samfélögum (Burns, Matthews og Nolan-Conroy, 2001:181).

#### 3.1 Af hverju eru viðhorf rannsökuð?

Með tilkomu félagsmálvísinda, sem greint var frá í kafla 2.2, hafa rannsóknir fræðimanna beinst í auknum mæli að því hvernig félagslegir þættir hafa áhrif á tungumálið og málhafa. Líkt og greint var frá í undanfarandi kafla virðist fólk hafa ákveðna tilhneigingu til þess að flokka og stéttaskipta tungumálum og er þessi stéttaskipting byggð á þeim viðhorfum sem fólk hefur til mismunandi mála og málaafbrigða. Þessi stéttaskipting verður til þess að

tungumál og málafríðgi sem fólk hefur neikvæð viðhorf til eru sett skör lægra en þau sem fólk hefur jákvæð viðhorf til og þannig myndast eins konar virðingarröð tungumála í hverju samfélagi fyrir sig.

Ein ástæða þess að nauðsynlegt er að rannsaka viðhorf er sú að áðurnefnd virðingarröð tungumála og málafríðgi hefur mikil áhrif á viðgang og varðveislu tungumála. Viðhorf geta ákvarðað hvort tiltekið tungumál eða málafríðgi lifir eða deyr og þá getur vægi tungumáls, t.d. í menntakerfinu, mótast af þeim viðhorfum sem eru ríkjandi í samfélaginu hverju sinni. Viðhorf geta einnig haft áhrif á getu einstaklinga í tilteknum tungumálum en þegar kemur að því að læra nýtt tungumál geta viðhorf haft mikið um það að segja hversu vel nýja tungumálið lærist. Rannsóknir á viðhorfum til tungumála geta því veitt mikilvægar upplýsingar um varðveislu, þróun og dauða tungumála og þá geta viðhorfsrannsóknir einnig átt þátt í því að útskýra hvernig útbreiðslu málafríðgi er háttáð (Burns, Matthews og Nolan-Conroy, 2001:183).

Mikilvægi viðhorfsrannsókna kemur ekki síst fram í áhrifum viðhorfa á málhafa og málnotkun þeirra en, líkt og greint var frá í kafla 3, eru viðhorf til tungumála og málhafa nátengd. Kristján Árnason (2004:377) fjallar um þá almennu tilhneigingu að flokka fólk á grundvelli tungumála en þegar um slíkt ræðir verður tungumálið að eins konar einkenni þess sem talar. Þannig öðlast málið félagslega merkingu sem hefur sömu gildi og t.d. klæðaburður og önnur ytri einkenni og þá geta ákveðin málafríðgi jafnframt verkað sem tákni um félagslega stöðu einstaklinga. Kristján bendir á að það hvernig einstaklingur talar getur haft veruleg áhrif á það hvers konar skoðun aðrir mynda sér um þann einstakling og þannig mótast viðhorf til málhafa að verulegu leyti af því viðhorfi sem fólk hefur til máls þeirra. Þannig færast virðingarröð tungumála og málafríðgi yfir á málhafana og því hafa viðhorf ekki síður áhrif á stöðu málhafa en á stöðu tungumáls og tungumálafríðgi, en nánar verður greint frá þessu í kafla 3.3.

### **3.2 Vandamál við viðhorfsrannsóknir**

Sökum þess að viðhorf eru bæði huglæg og oft ómeðvituð eru rannsóknir á viðhorfum sérlega erfiðar viðfangs. Erfitt er að mæla huglæg viðfangsefni og eru niðurstöður viðhorfsrannsókna að mörgu leyti háðar túlkun rannsakenda og því eru viðhorfsrannsóknir sjaldnast taldnar fullkomlega lögmætar. Ýmsar hindranir mæta fræðimönnum sem standa að slíkum rannsóknum og samkvæmt William Labov (1972:61-62) er ein helsta hindrunin það sem hann kallar *þversögn athugandans* (e. *Observer's Paradox*) og vísar til þess að fólk er líklegt til að

breyta hegðun sinni þegar verið er að rannsaka það. Vitneskja fólks um að viðhorf þess séu til rannsóknar er líkleg til þess að hafa áhrif á svörun þess og getur orðið þess valdandi að fólk svarar samkvæmt því sem það telur félagslega viðurkennt, fremur en af hreinskilni. Þá getur slík vitneskja einnig orðið til þess að fólk svarar samkvæmt því sem það telur að rannsakendur séu að leita eftir til að reyna að þóknast rannsakendum, hvort sem það er með meðvituðum eða ómeðvituðum hætti, en slík svör geta skekkt niðurstöður og því geta slíkar rannsóknir gefið rangar niðurstöður. Til að komast hjá þversögn athugandans telur Labov að kanna þyrfti fólk þegar ekki sé verið að fylgjast með því og þess vegna talar hann um þversögn í þessu samhengi.

Rannsakendur hafa mikið reynt að komast hjá hindrunum sem þessum. Sú leið hefur oft verið farin að gera málhöfum ekki ljóst hvað verið er að rannsaka hverju sinni en takmarkanir slíkra aðferða eru margar og því hafa rannsakendur lagt kapp á að finna betri aðferðir við viðhorfsrannsóknir. Á seinni árum hefur áhersla verið lögð á mikilvægi ólíkra gagna og aðferða í viðhorfsrannsóknum, t.d. dómapróf, myndun setninga og viðtöl við málhafa til að greina hvort gagnvirkni og/eða orsakasamband sé til staðar milli ólíkra gagna og aðferða (Burns, Matthews og Nolan-Conroy, 2001:186).

### **3.3 Hvernig hafa viðhorf áhrif á mállýskur?**

Líkt og greint hefur verið frá hafa viðhorf áhrif á viðgang tungumála á ýmsum sviðum. Viðhorf geta t.d. ákvarðað hvort tiltekið tungumál lifir eða deyr og þá geta viðhorf einnig haft áhrif á þekkingu og kunnáttu málhafa í tungumálum. Viðhorf hafa þó ekki síður áhrif á mállýskur og rétt eins og með tungumál geta viðhorf haft margvísleg áhrif á þróun og viðgang mállýskna. Eins og greint hefur verið frá er algengt að málhafar séu flokkaðir á grundvelli tungumáls þeirra en þegar um mállýskur ræðir má segja að þar sé um flokkun innan sama tungumáls að ræða. Eins og Kristján Árnason (2004:377) bendir á öðlast mállýskur gjarnan félagslega merkingu og geta t.d. verkað sem tákn um félagslega stöðu málhafa og því geta mismunandi viðhorf til mállýskna einnig leitt til flokkunar málhafa. Í þessum kafla verður einblínt á viðhorf í tengslum við mállýskur og hvernig viðhorf hafa áhrif á sjálfsmynd málhafa. Þá verður jafnframt gerð grein fyrir missterkri stöðu íslenskra framburðarmállýskna og leitast við að skýra stöðu þeirra út frá viðhorfum.

Á síðari árum og áratugum hefur þó nokkuð verið fjallað um tungumál í tengslum við sjálfsmynd málhafa. Í bókinni *Language and Culture* (1998:66-67) fjallar Claire Kramsch um samband tungumáls og menningarlegrar sjálfsmyndar einstaklinga en samkvæmt Kramsch er

tungumálið hluti af því hver við erum og getur sú staðreynd haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á málfara. Kramsch telur málfara skilgreina sig sem hluta af ákveðnu samfélagi í gegnum mál sitt. Það vísar ekki aðeins til þess að Íslendingar tala íslensku og Danir tala dönsku heldur getur þetta einnig vísað til ákveðins orðræðusamfélags eða þjóðfélagshóps, t.d. rappara, unglunga og almúgafólks, og að mati Kramsch endurspeglar tungumálið menningarlegan bakgrunn einstaklinga. Í þessu samhengi er athyglisvert að líta til rannsóknar William Labov (1972:132-133) á málhöfum í New York borg í Bandaríkjunum á áttunda áratug síðustu aldar. Rannsókn hans leiddi í ljós að málfarar höfðu almennt séð mjög neikvætt viðhorf til hinnar svonefndu New York mállýsku og að flestir sem þá mállýsku töluðu höfðu lagt sig fram við að breyta máli sínu með einum hætti eða öðrum. Þá sýndi rannsókn Labov jafnframt að málfarar úr lægri millistétt, sér í lagi karlmenn, voru sérlega viðkvæmir fyrir ákveðnum tilbrigðum sem þykja einkennandi fyrir New York mállýskuna og allir viðurkenndu að hafa lagt sig fram við að forðast þessi tilbrigði. Í ljós kom að neikvætt viðhorf New York búna til eigin máls var að mestu leyti tilkomið vegna eigin sannfæringar um að New York búar þættu óvinsælir meðal annarra og vildu þeir því forðast það að borin væru kennsl á þá í gegnum málið. Sé gengið út frá hugmyndum Kramsch (1998) um að málið endurspegli menningarlegan bakgrunn einstaklinga er mikilvægt að huga að því um hvaða bakgrunn ræðir hverju sinni. Ef sá bakgrunnur sem málið endurspeglar þykir óæskilegur, og er jafnvel litinn hornauga af öðrum, er líklegt að það hafi bein áhrif á sjálfsmynd málfara og geti orðið þess valdandi að málfarar reyni að breyta máli sínu, eins og rannsókn Labov (1972) sýnir fram á.

### 3.3.1 Viðhorf til harðmælis

Líkt og Kramsch (1998) greinir frá skilgreina málfarar sig sem hluta af ákveðnu samfélagi í gegnum mál sitt. Ef þetta er staðfært og miðað við íslenskar aðstæður má segja að málfarar skilgreini sig t.d. sem Norðlendinga með harðmæli og rödduðum framburði eða sem Vestfirðinga með vestfirskum einhljóðaframburði. Hér hafa viðhorf mikið að segja því ekki er víst að einstaklingur kjósi að skilgreina sig sem hluta af samfélagi sem er álitid neikvætt eða ófínt og það kann að hafa bein áhrif á það hvernig viðkomandi einstaklingur kys að tala. Viðhorf til mállýskna geta þannig haft áhrif á það hvernig einstaklingar breyta máli sínu í viðleitni til að uppskera jákvætt viðhorf annarra og kann að skýra hvers vegna sumar mállýskur lifa betra lífi en aðrar. Líkt og greint var frá í kafla 2.1 eru flest framburðareinkenni sem eru í minnihluta á undanhaldi í íslensku máli en það er helst norðlenska harðmælið sem virðist halda sér að einhverju marki. Þá er vert að rifja upp skilgreiningu á harðmæli úr sama kafla en harðmæli kallast það þegar málfarar nota fráblásin lokhljóð í inn- og bakstöðu á eftir

löngu sérhljóði, en meirihluti landsmanna notar ófráblásin lokhljóð í sömu stöðu og kallast það linnmæli. Athyglisvert er að huga að því hvort skýra megi sterka stöðu harðmælis gagnvart öðrum framburðareinkennum sem eru í minnihluta út frá viðhorfum fólks til harðmælis, en því miður hafa fáar mállýskurannsóknir verið gerðar út frá þessu sjónarhorni á Íslandi. Margrét Guðmundsdóttir (2016) kannaði þó vitund og vitneskju almennings um landshlutabundin framburðareinkenni og viðhorf til þeirra á árunum 2013-2014. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að norðlenski framburðurinn þykir fallegasti framburðurinn í íslensku máli en þó höfðu ýmsir þátttakendur óljósa og jafnvel ranga mynd af einkennum. Flestir þátttakendur þekktu þó meginafbrigði norðlenska framburðarins, *harðmæli* og *raddaðan framburð*. Þrátt fyrir að raddaði framburðurinn virðist greinilegri þykir hann ekkert sérstaklega fallegur, andstætt harðmæli sem þykir mun fallegra. Eins og áður segir hafa fáar rannsóknir verið gerðar á viðhorfi fólks til framburðareinkenna á Íslandi og er því nauðsynlegt að hafa í huga að samanburð skortir á niðurstöðum.

Víða má þó greina þær hugmyndir manna að harðmæli þyki æskilegri framburður en linnmæli. Snemma á síðustu öld skaut umræðu um samræmdan framburð reglulega upp kollinum og þrátt fyrir ólíkar hugmyndir manna um samræmdan framburð voru flestir sammála um að harðmæli skyldi notað í samræmdum framburði (sjá t.d. Björn Guðfinnsson, 1981:74-80). Þá má einnig greina viðleitni skólayfirvalda til þess að ýta undir harðmæli en í *Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskilyldualdri* frá árinu 1960 (bls. 11) segir að æskilegt sé að kennarar þjálfí linnmæla nemendur í harðmæli, ásamt öðrum framburðareinkennum eins og *hv*-framburði. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* frá árinu 1976 (bls. 19-20) er fjallað um mikilvægi framburðaræfinga til þess að bæta hljóðnæmi og styrkja tungutak nemenda og þá er kennurum jafnframt bent á að þjálfá nemendur í harðmæli eða skýru linnmæli hljóðanna /p,t,k/. Það virðist hafa skilað árangri en í bókinni *Íslensk málsaga* (2001:95) greinir Sölvi Sveinsson frá því að harðmæli hafi aukist meðal unglunga í Reykjavík og telur ástæðu þess vera að víða sé kennt í skólum að harðmæli sé æskilegri framburður sökum þess að það þykir skýrara en linnmæli. Þá nefnir hann jafnframt að sumum hætti til ofvöndunar í þessum efnum og segi t.d. *hentur í stað hendur* og *lanka í stað langa*. Í greininni *Íslensk mál - íslenskt samfélag* (1979:202-203) nefnir Kristján Árnason nokkur dæmi þegar málfarar breyta máli sínu til þess að líkja eftir því sem þykir félagslega viðurkennt hverju sinni, t.d. til þess að auka atvinnumöguleika sína. Kristján bendir á að á Íslandi séu margir sem vilji láta telja sig tala svo gott mál að þeir ofvandi mál sitt og verði svo harðmæltir að spaugilegt þykir. Þetta sýnir vel



hversu undirorpið gildismati málið er og sýnir að viðhorf hafa ekki einungis áhrif á viðgang mállýskna heldur einnig á málhafa og jafnvel orðspor þeirra.

Sé það rétt sem Kristján nefnir að málhafar noti harðmæli til þess að tala gott og vandað mál gefur það sterka vísbendingu um stöðu harðmælis gagnvart linnmæli sem og þeim framburðareinkennum sem eru í minnihluta á Íslandi. Eins og greint var frá telur Kramsch (1998:66-67) að málið endurspegli menningarlegan bakgrunn einstaklinga og má því ætla að gott mál endurspegli *góðan* menningarlegan bakgrunn. Eins og áður hefur komið fram er harðmæli mállýskueinkenni sem er hluti af þeirri mállýsku sem kölluð er *norðlenska* og því má spyrja hvort Íslendingar líti svo á að æskilegra sé að vera að norðan en annars staðar frá. Um það er erfitt að segja enda hafa ímyndir mismunandi landshluta á Íslandi lítt verið kannaðar, enn sem komið er. Margrét Guðmundsdóttir (2015:51-53) gerir þó tilraun til þess að beita frjálslægri aðferð við athugun á ímynd landshluta þar sem hún styðst fyrst og fremst við Internetið og eigin hugarheim, eins og hún orðar það sjálf, en greinin og greiningin eru á gamansömum nótum. Eins og greint hefur verið frá stóð Margrét (2016) fyrir rannsókn á vitund og vitneskju almennings um landshlutabundin framburðareinkenni og viðhorfum til þeirra á árunum 2013-2014 og sýndu niðurstöður rannsóknarinnar fram á að norðlenskur framburður þætti fallegasti framburðurinn á Íslandi. Margrét byggir áðurnefnda athugun sína á ímynd landshluta á niðurstöðum þessarar rannsóknar og leitast hún við að finna vísbendingar um að viðhorf til framburðar eigi sér samsvaranir í viðhorfum til landshluta. Eins og áður hefur komið fram beitir Margrét frjálslægum aðferðum og er því um óvísindalega athugun að ræða sem er fyrst og fremst ætluð til glöggvunar á ímyndum landshluta á Íslandi. Fyrst greinir Margrét frá náttúruöflunum, en margir líta svo á að óblítt náttúru- og veðurfar setji mark sitt á þjóðina sem er fyrir vikið bæði þrautseig og djörf. Samkvæmt Margrét er Norðurlandi og Suðurlandi gjarnan teflt fram sem andstæðupari í veðurfarsumræðum þar sem norðlenski veturinn þykir gjarnan harðari en sá sunnlenski. Þá greinir Margrét frá því að eftir athugun sína á Internetinu hafi hún fundið fjölmörg dæmi þess að Sunnlendingar séu bendlaðir við væl og almennan aumingjaskap í tengslum við veðrið og gengur einn notandi samskiptasíðunnar *bland.is* svo langt að segja að Reykvíkingar myndu hreinlega drepast ef það snjóaði *norðlenskum snjó* í Reykjavík. Margrét veitir því jafnframt athygli að þrátt fyrir að vetrarhörkur séu þekktar á Vestfjörðum eru Sunnlendingar sjaldan dregnir inn í umfjöllun um vestfirskan vetur. Samkvæmt Margrét á umræða um bæði veður og mál það sameiginlegt í hugum Norðlendinga að andstæðan er Suðurland og Suðurland er síðra með minni snjó og linu máli.

Því næst vikur Margrét (2015) að umræðu um mat og greinir frá því að hún hafi ekki þurft að leita lengi á Internetinu til þess að sjá að íslenska lambakjötið er mörgum landsmönnum hugleikið. Andstæðuparið Norðurland – Suðurland kemur ekki síður fram í umfjöllun um íslenskt lambakjöt og enn og aftur virðist Norðurland hafa forystu þar sem samanburður við Suðurland er áberandi. Margrét vísar m.a. til orða kjötiðnaðarmanns sem segir norðlenska lambakjötið mun bragðmeira en hið sunnlenska og ekki minnkar forysta Norðurlands þegar kemur að reyktu lambakjöti, því sem Íslendingar kalla hangikjöt, en samkvæmt leitarvélum *google* virðist hreinlega enginn vafi vera á því að norðlenskt hangikjöt sé best. Þá bendir Margrét á að markaðssetning tveggja stórfyrirtækja á kjötmarkaðnum sem bera nöfn sem vísa til landshluta sé athyglisverð, annað nefnist *Norðlenska* og hitt *Sláturfélag Suðurlands*. *Norðlenska* heldur því heiti töluvert á lofti og gerir mikið út á staðsetningu ólíkt *Sláturfélagi Suðurlands*, sem í daglegu tali er kallað *SS*, þar sem lítið er gert í því að flagga uppruninum. Til gamans bendir Margrét á að lamb sem eyðir ævi sinni á Suðurlandi geti hæglega orðið að norðlensku lambakjöti sé farið með það í rétt sláturhús sem gefur til kynna að yfirburðir norðlenska lambakjötsins geti vel stafað af ímyndun neytenda og að gæði kjötsins séu nær því að vera hugræn en tengd bragðkirtlum. Þetta telur Margrét færa rök fyrir þeim gruni hennar að fegurð norðlenskunnar sé að einhverju leyti byggð á ímynd sem tengist ekki endilega framburði heldur fái stuðning af meintum yfirburðum Norðurlands í veðurfari og mat, sem bæði tengjast íslensku þjóðarsálinni nánnum böndum. Ef harðir vetur þykja bæta Íslendinga og þykja jafnvel hluti af því að vera Íslendingur hlýtur kaldara veðurfar að teljast betra en mildara. Þýðir það að þeir Íslendingar sem búa við kaldara veðurfar séu e.t.v. *meiri Íslendingar* en þeir sem búa við mildara veðurfar? Getur verið að mál þeirra sé *meiri íslenska* en mál hinna?

Þá má einnig ætla að jákvætt viðhorf Íslendinga til harðmælis stafi af fagurfræðilegum orsökum og að fólki finnist harðmæli einfaldlega fallegra en linmæli. Þótt erfitt sé að fullyrða mikið um það má benda á að harðmæli er oftast talið upprunalegra í íslensku enda samræmist það stafsetningu betur en linmæli. Orðið *tapa* er t.d. skrifað með *p* en í máli linmæltra einstaklinga er það borið fram með *b* [t<sup>h</sup>a:pa] og því eru margir sem telja að harðmæli sé réttara en linmæli. Stafsetning er hins vegar ótraust heimild um eldri framburð því þrátt fyrir að stafsetning geri greinarmun á /p,t,k/ annars vegar og /b,d,g/ hins vegar er ekki vitað í hverju sá munur fólst hljóðfræðilega á eldra málstigi. Í dag kemur þessi munur fram í fráblæstri þar sem /p,t,k/ eru fráblásin lokhljóð og /b,d,g/ eru ófráblásin en lítið er vitað um aldur fráblásturs í íslensku máli. Oft er gert ráð fyrir að munur á þessum lokhljóðum í fornu

máli hafi verið röddunarmunur, þannig að /p,t,k/ hafi verið órödduð og /b,d,g/ hafi verið rödduð, en aðrir telja að um fráblástursmun hafi verið að ræða, eins og í nútímamáli. Nauðsynlegt er að hafa í huga að munur harðmælis og linmælis kemur fram í takmörkuðu umhverfi, þ.e. í inn- og bakstöðu á eftir löngum sérhljóðum, en vangaveltur um mun harðhljóða og linhljóða í fornu máli beinast fyrst og fremst að framstöðu (t.d. *tala* og *dala*) og innstöðu á eftir öðru samhljóði (t.d. *vanda-vanta*). Hvað innstöðu varðar voru aðstæður aðrar en í framstöðu en þar var ekki gerður neinn greinarmunur á harðhljóði og linhljóði og var munur þeirra upphafinn, þ.e. ekki merkingargreinandi í tilteknu umhverfi, rétt eins og í nútímamáli. Eins og í nútímamáli voru í fornu máli ekki til lágmarkspör með mismunandi merkingu, eins og *tapa: \*taba* og *láta: \*láda*, en orð eins og *panna: banna* voru lágmarkspör, þ.e. þau höfðu ólíka merkingu þá eins og nú. Því er hugsanlegt að í innstöðu hafi framburðurinn verið öðruvísi en í framstöðu og er alls ekki víst að fráblástur hafi verið eins áberandi, ef hann var þá nokkur. Þannig má vel vera að framburður lokhljóðanna í orðum eins og *tapa*, *hlaupa* og *láta* hafi verið líkur linmælisframburði eins og hann er í dag. Einnig er hugsanlegt að hljóðin hafi verið fráblásin að einhverju marki og þá getur vel hugsast að framburður þeirra hafi verið orðinn mállyskubundinn þegar í fornu máli (Kristján Árnason, 2005:368-369). Þannig eru þau rök að harðmæli sé fallegra en linmæli sökum þess að það sé upprunalegra og jafnvel réttara í besta falli vafasöm en sökum ýmissa hljóðfræðilegra breytinga sem orðið hafa á íslensku máli er nær ómögulegt að fullyrða mikið um framburð á eldri málstigum.

### 3.3.2 Viðhorf til vestfirskis einhljóðaframburðar

Líkt og greint var frá í kafla 2.1 kallast það vestfirskur einhljóðaframburður þegar borin eru fram einhljóðin [a, ε, œ] þegar að baki liggur /a, e, ö/ á undan *-ng* eða *-nk* en meirihluti landsmanna ber fram tvíhljóð í sömu stöðu. Ólíkt harðmæli er vestfirski einhljóðaframburðurinn á töluverðu undanhaldi í dag en heldur sér einna best í framburði á ö, eins og greint var frá í sama kafla. Eins og fjallað var um í kafla 3.3.1 skaut umræðu um samræmdan framburð reglulega upp kollinum á síðustu öld og í tillögum Björns Guðfinnssonar (1981:79-80) nefnir hann vestfirskan einhljóðaframburð sem dæmi um forna og fagra mállysku sem vert er að varðveita, ásamt t.d. skaftfellskum einhljóðaframburði og *ng*-framburðinum norðenska. Björn tekur hins vegar fram að þessi mállyskueinkenni hafi lítið útbreiðslusvæði og eigi fáa stuðningsmenn utan heimkynna sinna og því þykir honum ekki fært að velja þessi mállyskueinkenni til samræmingar að svo stöddu. Björn telur mikilvægt að varðveita þessar framburðarleifar, eins og hann orðar það sjálfur, en telur

jafnframt að mikinn áróður þurfi til þess að hefja þær til vegs og valda. Eins og áður segir höfðu menn ólíkar skoðanir á því hvaða mállýskueinkenni skyldu notuð í samræmdum framburði en þrátt fyrir að enginn hafi tekið vestfirska einhljóðaframburðinn fram yfir ríkjandi tvíhljóðaframburð í tillögum um samræmdan framburð er hann víða nefndur í sambandi við mikilvægi varðveislu gamalla mállýskna (sjá t.d. Árni Böðvarsson, Reglugerð um íslenzkan framburð, tilvitnað eftir Baldri Jónssyni, 1998:234-236).

Að vestfirskur einhljóðaframburður komst ekki inn í tillögur um samræmdan framburð gefur til kynna að hann hafi ekki notið sömu jákvæðu viðhorfa og harðmælið norðlenska, sem ávallt var valið frekar en linnmæli í umræðum um samræmdan framburð, en samt sem áður virðist sem margir hafi viljað varðveita framburðinn. Í áðurnefndri rannsókn Margrétar Guðmundsdóttur (2016) á vitund og vitneskju almennings um landshlutabundinn framburðarmun og viðhorfum til hans kom fram að vestfirskur einhljóðaframburður væri nokkuð vel þekktur, bæði hvað varðar eðli hans og kjarnasvæði, en þó þykir hann ekki sérstaklega fallegur og voru margir sem sögðu hann „sérstakan“. Eins og greint var frá í kafla 3.3.1 skortir samanburð á niðurstöðum rannsóknar Margrétar sökum þess að fáar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhorfum til mállýskna á Íslandi en samt sem áður er athyglisvert að skoða nánar það að margir sögðu framburðinn „sérstakan“ eða eitthvað í þá veru. Eins og fjallað var um í kafla 3.3 telur Claire Kramsch (1998:66-67) málið endurspegla menningarlegan bakgrunn einstaklinga og því mætti spyrja hvort *sérstakt* mál endurspegli *sérstakan* bakgrunn. Getur verið að viðhorf Íslendinga til Vestfjarða og Vestfirðinga sé á þann veg að þar sé um sérkennilegt fólk og landssvæði að ræða? Þá er fróðlegt að vísa aftur til óformlegrar athugunar Margrétar Guðmundsdóttur (2015:50-53) á ímynd landshluta á Íslandi þar sem hún kannar hvort finna megi vísbendingar um að viðhorf til framburðar eigi sér samsvaranir í viðhorfum til landshluta en hún byggir athugun sína fyrst og fremst á niðurstöðum rannsóknar hennar á viðhorfum til íslenskra mállýskna (2016). Margrét varpar fram þeirri spurningu hvað þyki svona sérkennilegt við vestfirskan einhljóðaframburð, af hverju hann þyki skrítnari en t.d. raddaður framburður og *hv*-framburður, og veltir því jafnframt fyrir sér hvort það byggist á einhvers konar ímynd þess landshluta sem framburðurinn er kenndur við. Margrét fer lítið í umræður um veðurfar, ólíkt því sem hún gerir í umfjöllun um Norðurland og Suðurland, en einblínir þess í stað á matarumræður í tengslum við Vestfirði. Lambakjötið fær nokkra umfjöllun en Margrét segist þó óneitanlega frekar hugsa um annað í tengslum við vestfirskan mat og svo virðist sem leitarvélar *google* séu sama sinnis. Eftir stuttar athuganir á Internetinu finnur Margrét margs konar dæmi þess

þar sem öðruvísi matur er tengdur við Vestfirði og vísar til þess að á hátíðinni *Matur og menning 2010* í Vesturbyggð hafi verið boðið upp á „staðbundinn vestfirskan mat“ sem samanstóð m.a. af hákarli, harðfiski, reyktum rauðmaga og siginni grásleppu. Sjálf segist Margrét muna eftir sviðakjamma sem vestfirskir bræður buðu henni á þorrablóti fyrir 30 árum síðan. Samkvæmt Margréti voru flestir veislugestir sammála um að sviðakjamminn væri úldinn en bræðurnir vestfirsku sögu hann einfaldlega vestfirskan, sem gefur óneitanlega ákveðnar vísbendingar um ímynd vestfirskis matar. Þá spurði Margrét einnig vini sína á *Facebook* hvað þeim dytti í hug þegar þeir heyrðu talað um „ekta vestfirskan mat“ og nefndu margir svið ásamt t.d. skötu, hnoðmör, steinbít, rikling, selkjöti, bjargfuglseggjum og vestfirskum/ýlduðum sviðum. Óneitanlega er flest af þessu eitthvað sem fólk myndi kalla sérstakt, jafnvel skrítið, rétt eins og einhljóðaframburðurinn vestfirski. Þó er mikilvægt að árétta að um afar óvísindalega athugun er að ræða en því er ekki að neita að hún veitir ákveðna innsýn í viðhorf landsmanna til Vestfjarða. Athyglisvert er að niðurstöður athugunarinnar koma að mörgu leyti heim og saman við niðurstöður áðurnefndrar rannsóknar Margrétar (2016) um viðhorf fólks til landshlutabundinna framburðareinkenna og sama á við í sambandi við harðmæli, líkt og greint var frá í kafla 3.3.1. Því kunna ímyndir landshluta að hafa sitt að segja þegar kemur að viðhorfum fólks til landshlutabundinna framburðareinkenna, jafnvel þótt ímyndin sé að mestu leyti byggð á goðsögnum sem eiga sér litlar stoðir í nútímanum.

Greint var frá því í kafla 3.3.1 að margir telja harðmæli upprunalegra en linmæli sem getur mögulega verið skýring á þeim jákvæðu viðhorfum sem fólk virðist almennt hafa til harðmælis. Þá liggur beint við að huga að því hvernig farið er með upprunaleika vestfirska einhljóðaframburðarins. Björn Guðfinnsson (1981:39) fullyrðir að tvíhljóðaframburðurinn, sem nú er ríkjandi, sé ekki upprunalegur framburður og styður það með því að vísa til þess að notkun *ei* í stað *e* á undan *-ng* komi ekki fyrir í handritum fyrr en um miðja 13. öld. Kristján Árnason (2005:391) tekur í sama streng og segir að venjulega sé gert ráð fyrir að í orðum eins og *lengi* og *þröngur* hafi verið stutt einhljóð í elstu íslensku og telur ekki ástæðu til þess að rengja það. Hvað varðar *a*-einhljóðaframburð eru fræðimenn ekki á eitt sammála um eðli þeirrar breytingar sem endurspeglast í rithætti. Jóhannes L.L. Jóhannsson (1924:19) telur að sérhljóð eins og *a* í *banki* hafi lengst á undan *-ng* og *-nk* og með breyttri hljóðdvöl hafi fyrst orðið langt *a* (=á) sem síðan hafi tvíhljóðast með gömlu löngu *á*-hljóði. Þannig hafi fyrst komið fram framburður með löngu *a* en síðan hafi hið langa *a* tekið þátt í sömu þróun og hið gamla langa *á*, tvíhljóðun og síðan styttingu með hljóðdvalabreytingunni. Margir eldri

fræðimenn eru sömu skoðunar en í dag eru flestir þeirrar skoðunar að aðeins sé um tvíhljóðun að ræða, þannig að gamalt *a* hafi breyst beint í [au], *ö* í [œi] / [œy] og *e* í [ei] á undan gömmæltu nefhljóði (Kristján Árnason, 2005:392).

Hvernig sem því er háttað er greinilegt að einhljóðaframburðurinn er upprunalegri en tvíhljóðaframburðurinn. Sé sú ályktun rétt að ástæðu þess að harðmæli nýtur almennt séð jákvæðari viðhorfa en línæli megi a.m.k að hluta til rekja til þess að harðmæli sé af mörgum talinn hinn upprunalegi framburður mætti ætla að viðhorf til vestfirskis einhljóðaframburðar væru sömuleiðis jákvæð. Það virðist hins vegar ekki raunin og miðað við þau dæmi sem gefin voru í þessum kafla má nánast fullyrða að vestfirskur einhljóðaframburður nýtur ekki sömu jákvæðu viðhorfa og harðmælið norðlenska. Vestfirskur einhljóðaframburður er á mun hraðara undanhaldi en harðmæli þrátt fyrir að hann haldi sér ágætlega á kjarnasvæði sínu, sem þó hefur minnkað, og var hann sjaldan nefndur í umræðum um samræmdan framburð nema í sambandi við varðveislu einstakra framburðareinkenna. Þrátt fyrir að samræming framburðar hafi aldrei orðið að veruleika á Íslandi gefa tillögur manna um hvaða framburðareinkenni skyldu notuð í samræmdum framburði athyglisverða innsýn í viðhorf manna til ólíkra framburðareinkenna. Það að flestir hafa verið sammála um að harðmæli skyldi notað í stað línælis í samræmdum framburði sýnir jákvæð viðhorf til harðmælis en það að vestfirskur einhljóðaframburður hafi yfirleitt aðeins verið nefndur í sambandi við varðveislu einstakra framburðareinkenna gefur til kynna að einhljóðaframburðurinn vestfirski hafi ekki notið sama sannmælis. Líkt og rannsókn Margrétar Guðmundsdóttur (2016) sýnir þykir framburðurinn frekar „sérstakur“ en fallegur en samt sem áður virtist fólk þekkja vel til hans, bæði hvað varðar eðli framburðarins og staðsetningu, sem gefur e.t.v. til kynna að viðhorfin séu ekki eins neikvæð og ætla mætti.

## 4. Breytt mál í tengslum við breyttar félagslegar aðstæður

Í ljósi þess að rannsóknir hafa sýnt fram á að viðhorf fólks til mállýskna hafa áhrif á það hvernig fólk talar (sjá t.d. umfjöllun um athuganir William Labov í kafla 3.3 og Kristjáns Árnasonar í kafla 3.3.1) ákvað ég að skoða mann í opinberri stöðu með það fyrir augum að rannsaka hvort greina megi breytingu á málfari hans í tengslum við breyttar félagslegar aðstæður hans. Þar fylgi ég fordæmi Laurel MacKenzie (2014) sem gerði áhugaverða rannsókn á framburði breska náttúruvísindamannsins David Attenborough sem er heimsþekktur fyrir bækur sínar og heimildarmyndir um náttúru og lífríki jarðarinnar. Í rannsókn sinni skoðaði Mackenzie framburð Attenborough frá árinu 1956 til ársins 2006 og í ljós kom að framburður Attenborough hafði breyst eftir því sem líða tók á feril hans og tengir Mackenzie þessar breytingar á framburði við breytingar á félagslegum aðstæðum Attenborough.

Maðurinn sem varð fyrir valinu í þessari rannsókn er Helgi Hrafn Gunnarsson, þingflokksformaður Pírata, en hann er fæddur í Reykjavík þann 22. október árið 1980. Helgi Hrafn lauk grunnskólaprófi frá Hlíðaskóla árið 1996 en hætti í menntaskóla án þess að hafa lokið námi og starfaði fyrst og fremst sem forritari áður en hann var kjörinn alþingismaður Reykjavíkurborgar norður í Alþingiskosningum árið 2013 (Alþingi e.d.). Þegar Helgi Hrafn var kjörinn á þing hafði hann lítinn bakgrunn í stjórnmálum, ólíkt flestum þingmönnum sem margir hverjir hafa verið áberandi í ungliðastarfi sinna flokka áður en þeir taka sæti á Alþingi. Frá árinu 2015 hefur Helgi Hrafn gegnt stöðu formanns Pírata við góðan orðstýr. Pírataflokkurinn var stofnaður haustið 2012 á Íslandi, en Píratar eru alþjóðlegt stjórnmálaafli sem stofnað var í Svíþjóð árið 2006 og síðan þá hafa verið stofnaðir flokkar Pírata í yfir 60 löndum víðs vegar um heiminn (Píratar e.d. a). Þrátt fyrir að um nýtt stjórnmálaafli sé að ræða á Íslandi hafa Píratar aukið við fylgi sitt jafnt og þétt jafnt og samkvæmt niðurstöðum könnunar *Market media research* (2016) á fylgi stjórnmálaflokka á tímabilinu 4.-5. apríl árið 2016 mælast Píratar stærsti flokkurinn á Íslandi með 36,7% fylgi. Í dag er Helgi Hrafn því formaður þess stjórnmálaflokks sem nýtur mesta fylgis á Íslandi samkvæmt skoðanakönnunum og því er varla orðum aukið að segja að félagsleg staða Helga hafi breyst mikið á tiltölulega skömmum tíma. Þá má jafnframt benda á að Helgi Hrafn var valinn stjórnmálamaður ársins árið 2015 af hlustendum *Sprengisands* á Bylgjunni og lesendum *Vísis* og er því ljóst að Helgi Hrafn er orðinn talsvert áberandi í íslenskum stjórnmálum sem og í fjölmiðlum (Helgi Hrafn valinn stjórnmálamaður ársins, 2016).

Athyglisvert er að huga að því hvort þessar miklu félagslegu breytingar á lífi Helga Hrafn endurspeglar að einhverju leyti í málvari hans. Til að svara því þarf fyrst og fremst að kanna hvernig málvar hans var áður en hann hóf stjórn málaferil sinn árið 2013 og liggur þá beint við að huga að uppruna hans. Líkt og fram hefur komið er Helgi Hrafn fæddur í Reykjavík árið 1980 en Reykjavík hefur ákveðna sérstöðu sem mállyskusvæði því ekki er hægt að segja að nein ákveðin máleinkenni einkenni Reykvíkinga, ólíkt flestum öðrum landssvæðum, þar sem flest framburðareinkenni sem þykja einkenna Reykvíkinga finnast víða annars staðar á landinu (Íslenskar mállyskur e.d.). Samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar (1946:206) höfðu um 92% Reykvíkinga linan framburð á fimmta áratug síðustu aldar og hefur Reykjavík verið talið eitt helsta kjarnasvæði linnmælis síðan. Árið 2005 fékk Helgi, sem þá var 25 ára gamall, heimsókn frá sjónvarpsþættinum *Allt í drasli* sem var á dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar *Skjás eins*, en efni þáttarins snérist um tiltekt á heimili Íslendinga sem létu óreiðu heimilisins ekki á sig fá. Í samræðum Helga og þáttastjórnenda má greina nokkuð skýrt linnmæli í máli Helga, en hann ber t.d. fram orðin *sápa* og *nýta* sem [sau:pa] og [ni:ta], sem má telja nokkuð eðlilegt í ljósi þess að hann er fæddur og uppalinn á kjarnasvæði linnmælis. Þá má einnig greina ríkjandi tvíhljóðaframburð í máli hans, en hann ber fram orðið *langar* sem [laun̥kar], og *kv*-framburð í orðum eins og *hvar* [kʰva:r] og *hvenær* [kʰvɛ:nair]. Það er því ekkert sem kemur á óvart í máli Helga og notar hann meirihlutaframburð í öllum tilfellum sem þykir einkennandi fyrir reykvískan framburð (Saga Film, 2005).

Eins og áður segir var Helgi Hrafn kosinn á Alþingi árið 2013 og þá liggur næst við að kanna hvort það hafi breytt einhverju um framburð hans. Í stefnuræðu Helga á Alþingi þann 2. október árið 2013 er ekki hægt að greina miklar breytingar á máli hans þótt vissulega sé hann skýrmæltari en árið 2005 þegar hann var gestur í þættinum *Allt í drasli* enda er um afar formlegar aðstæður að ræða og algengt er að fólk breyti málsniði sínu í samræmi við aðstæður (Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson 2000:37). Helgi er ennþá linnmæltur og ber t.d. orðin *ríki* og *netið* fram sem [ri:cɪ] og [nɛ:tið] ásamt því að nota bæði *kv*-framburð í orðum eins og *hvetja* [kʰvɛ:tja] og tvíhljóðaframburð í orðum eins og *sprenging* [spreiŋkiŋk] og *aðgangur* [aðkaun̥kvr] (Píratar á Íslandi, 2013).

Hins vegar má greina athyglisverðar breytingar í máli Helga í ræðu á Alþingi þann 10. september árið 2014 (Lára Hanna Einarsdóttir, 2014). Þar er Helgi með talsvert harðari framburð á lokhljóðum en árin 2005 og 2013 og ber t.d. fram orðin *breytingar* og *netinu* með skýru *t*-hljóði, eða [prei:tʰiŋkar] og [nɛ:tʰiŋy]. Varla verður sagt að um eðlilegt skýrmæli sé að ræða þar sem *t*-hljóðin eru töluvert áberandi í vissum orðum og stinga í stúf við framburð



annarra orða með *t*-hljóðum eins og *Píratar* og *hóta* sem hann ber fram með linmæli, sem er þó skýrt. Þó er ekki hægt að segja að um ofvöndun sé að ræða þar sem hann notar harðmæli í réttu umhverfi, þ.e. í innstöðu á eftir löngu sérhljóði, en í ljósi þess að Helgi Hrafn hefur ekki verið harðmæltur áður er greinilegt að um er að ræða meðvitaða tilraun hans til þess að breyta máli sínu. Eins og greint var frá í kafla 3.3.1 er ljóst að Íslendingar hafa nokkuð jákvætt viðhorf til harðmælis og eins og Kristján Árnason (1979:51-53) bendir á er algengt að málhafar noti harðmæli í viðleitni til að tala gott og vandað mál. Í tilfelli Helga Hrafns verður að teljast líklegt að ástæða þess að hann notar harðmæli í ákveðnum orðum sé til þess að tala gott og vandað mál og sökum þess að harðmælisframburður Helga er ekki meiri en raun ber vitni telst ekki ástæða til þess að fara nánar út í það að þessu sinni.

Í áðurnefndri ræðu Helga má einnig greina aðra og e.t.v. áhugaverðari breytingu á máli hans en það er notkun hans á vestfirskum einhljóðaframburði í orðunum *fang* [faŋka] og *langt* [laŋkt]. Líkt og greint hefur verið frá er Helgi fæddur og uppalinn í Reykjavík en vestfirskur einhljóðaframburður er, eins og nafnið gefur til kynna, nær eingöngu bundinn við Vestfirði og eldri dæmi sýna, t.d. viðtalið við hann í sjónvarpsþættinum *Allt í drasli* frá árinu 2005 ásamt ræðu hans á Alþingi frá árinu 2013, að Helgi hefur ríkjandi tvíhljóðaframburð í máli sínu. Þá má einnig greina töluvert ósamræmi í framburði Helga og ber hann orðin *fangelsismál* og *fangelsisrefsingar* fram með tvíhljóðaframburði sem gefur til kynna að vestfirskur einhljóðaframburður sé honum ekki eðlislægur. Því er greinilegt að um er að ræða meðvitaða tilraun Helga til þess að breyta máli sínu og er athyglisvert að huga að því hvort það megi skýra út frá viðhorfum Íslendinga til vestfirskis einhljóðaframburðar.

Greint var frá því í kafla 2.2 að vestfirskur einhljóðaframburður er á töluverðu undanhaldi og þá hefur kjarnasvæði hans jafnframt minnkað. Í sama kafla var greint frá því að samkvæmt niðurstöðum *RÍN*-rannsóknarinnar er *ö*-einhljóðaframburðurinn mun algengari en *a*-einhljóðaframburður og var jafnframt dregin sú ályktun að það megi mögulega skýra með því að einhljóðaframburður sé ekki nærri jafn áberandi í framburði á *ö* en á *a*. Sú ályktun var dregin með hliðsjón af niðurstöðu rannsóknar Margrétar Guðmundsdóttur (2016) sem sýndi að vestfirskur einhljóðaframburður þætti ekki sérlega fallegur og þá voru margir sem álitu hann „sérstakan“. Í kafla 3.3.2 var greint frá því að vestfirskur einhljóðaframburður var sjaldan nefndur í umræðum síðustu aldar um samræmdan framburð, nema þá helst í tengslum við varðveislu fornra framburðarleifa, sem gefur til kynna nokkuð athyglisverð viðhorf Íslendinga til framburðarins. Svo virðist sem fólk hafi ekki endilega haft áhuga á að einhljóðaframburðurinn yrði notaður í stað tvíhljóðaframburðarins en samt sem áður eru

margir sem hafa talið nauðsynlegt að varðveita hann. Getur verið að það megi rekja til þess að framburðurinn þyki einmitt sérstakur og að það sé nauðsynlegt að varðveita það sem sérstakt er? Ef skoðað er hvaða menningarlega bakgrunn framburðurinn endurspeglar má vísa aftur til óformlegrar athugunar Margrétar Guðmundsdóttur (2015:50-53) sem sýndi fram á nokkuð sterka samsvörun milli viðhorfa til vestfirska einhljóðaframburðarins og viðhorfa til þess landssvæðis sem framburðurinn er kenndur við. Ef það er rétt að vestfirskur einhljóðaframburður þyki sérstakur, og jafnvel nokkuð skríttinn, ásamt því að endurspegla menningarlegan bakgrunn sem er sömuleiðis álitinn sérstakur er spurning hvort það er ástæða þess að Helgi Hrafn velur, meðvitað eða ómeðvitað, að nota framburðinn með nokkuð áberandi hætti á opinberum vettvangi.

Eins og fram hefur komið er Helgi Hrafn formaður Pírata á Íslandi en Píratar eru alþjóðlegt stjórn málaafli sem skilgreinir sig ekki sem hefðbundinn stjórn málaflokk og því hefur flokkurinn ákveðna sérstöðu í íslenskum stjórn málum. Píratar vilja t.d. ekki staðsetja flokkinn á þann pólitíska ás sem aðskilur stefnur félagshyggju- og einstaklingshyggjufólks og er flokkurinn því hvorki skilgreindur sem hægri né vinstri flokkur. Helstu stefnumál Pírata snúa að eflingu og verndun borgararéttinda, þ.e. þeim lögbundnu réttindum fólks að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi og upplýsinga- og tjáningafrelsi, og telja Píratar jafnframt að draga þurfi úr miðstýringu valds á öllum sviðum. Sérstaða Pírata er fyrst og fremst fólgin í þeim sterku tengslum sem flokkurinn hefur við tækni upplýsingaaldarinnar en Píratar vilja t.d. að einstaklingar hafi ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum á Internetinu og líta á höfundarrétt, a.m.k. hefðbundinn skilning á honum, sem ógn við frjáls samskipti (Píratar, e.d. b). Það er því óhætt að segja að Píratar leggi að mörgu leyti upp úr því að vera frábrugðnir öðrum stjórn málaflokkum og miðað við stóraukið fylgi þeirra virðast Íslendingar tilbúnir fyrir öðruvísi stjórn málaflokk. Svo aftur sé vikið að breyttum framburði Helga Hrafns má greina nokkuð athyglisverða samsvörun milli viðhorfa til þess framburðareinkennis sem Helgi velur að nota og þeirra viðhorfa sem flokksmenn Pírata leggja að mörgu leyti upp úr, þ.e. að þeir séu öðruvísi stjórn málaflokkur. Samkvæmt Kramsch (1998:66-67, 77) skilgreina málhafar sig sem hluta af samfélagi í gegnum málið og sé gengið út frá því að bæði Vestfirðir og vestfirskur einhljóðaframburður þyki sérstakur og jafnvel skríttinn getur verið að Helgi sé að nota málið til þess að áréttta að hann sé ekki eins og allir hinir. Hann er öðruvísi stjórn málamaður af því að hann er Pírati og hann er öðruvísi Íslendingur af því hann talar með öðruvísi framburði, vestfirskum einhljóðaframburði.

## 5. Lokaorð

Meginmarkmið þessarar ritgerðar var að kanna hvort skýra megi það hvernig fólk breytir máli sínu með hliðsjón af ólíkum viðhorfum sem eru ríkjandi til mismunandi mállyskna og var framburður Helga Hrafns Gunnarssonar, formanns Pírata á Íslandi, skoðaður í því sambandi. Athygli vekur að í ræðu Helga á Alþingi þann 10. september 2014 hefur Helgi Hrafn bæði harðmæli og vestfirskan einhljóðaframburð í máli sínu, en eldri gögn sýna að þessi framburðareinkenni eru honum ekki eðlislæg. Leitast var við að skýra þessar breytingar á framburði hans með hliðsjón af þeim viðhorfum sem eru til þessara framburðareinkenna. Harðmæli er það framburðareinkenni sem heldur sér best af öllum staðbundnum framburðareinkennum sem eru í minnihluta í íslensku í dag og þá er jafnframt ýmislegt sem bendir til að harðmæli þyki fallegra en hið ríkjandi linmæli. Harðmæli var t.d. nær ávallt tekið fram yfir linmæli í hugmyndum manna um samræmdan framburð sem skutu reglulega upp kollinum á síðustu öld og í tveimur námskrám frá síðustu öld var kennurum bent á mikilvægi þess að þjálfa linmæltá nemendur í harðmæli. Rannsókn Margrétar Guðmundsdóttur (2016) sýndi jafnframt fram á að harðmæli þætti fallegasta framburðareinkennið í íslensku máli en þó ber að hafa í huga að fáar rannsóknir hafa verið gerðar út frá þessu sjónarhorni á Íslandi og skortir því samanburð á niðurstöðum. Vestfirskur einhljóðaframburður er hins vegar á töluvert miklu undanhaldi en heldur sér þó ágætlega á kjarnasvæði sínu, sem þó hefur minnkað. Svo virðist sem vestfirskur einhljóðaframburður njóti ekki sömu jákvæðu viðhorfa og harðmæli en samt sem áður er athyglisvert hversu oft hann var nefndur í umræðum um samræmdan framburð, þó ekki á þann veg að hann skyldi notaður í stað ríkjandi tvíhljóðaframburðar heldur í tengslum við varðveislu fornra framburðareinkenna. Athygli vekur að í áður nefndri rannsókn Margrétar Guðmundsdóttur (2016) voru margir sem þekktu vel til vestfirska einhljóðaframburðarins en margir töldu hann sérstakan, jafnvel skríttinn. Það bendir til að viðhorf til vestfirska einhljóðaframburðarins séu ekki eins neikvæð og ætla mætti þótt þau séu heldur frábrugðin þeim viðhorfum sem eru til harðmælis.

Líklegt er að rekja megi ástæðu þess að Helgi Hrafn notar harðmæli í ræðu sinni á Alþingi til þeirra jákvæðu viðhorfa sem eru til harðmælis og er því varla ástæða til að fara nánar út í það að sinni. Notkun Helga á vestfirskum einhljóðaframburði er heldur athyglisverðari sökum sterkrar samsvörunar milli viðhorfa Íslendinga til framburðarins og þess landsvæðis sem framburðurinn er upprunninn úr annars vegar og þeirra viðhorfa sem Píratar, stjórnmalaflokkur Helga Hrafns, vilja skilgreina sig út frá hins vegar. Í ljósi þess sem greint hefur verið frá í þessari ritgerð má draga þá ályktun að áður nefndar framburðarbreytingar í

máli Helga Hrafns séu til þess ætlaðar að hafa áhrif á viðhorf þeirra sem á hlýða og sýna dæmi sem þessi skýrt hvers konar hlutverki tungumálið getur gegnt þegar kemur að því að móta viðhorf annarra.

## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla*. Móðurmál. (1976). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild.
- Alþingi. (e.d.). *Helgi Hrafn Gunnarsson*. Sótt 23. mars 2016 af <http://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslunr=1166>
- Ásta Svavarsdóttir. (1982). „Þágufallssýki“. Breytingar á fallanotkun í frumlagsæti ópersónulegra setninga. *Íslenskt mál* 4:19-62.
- Baldur Jónsson. (1998). Afskipti stjórnvalda af íslenskum framburði 1940-1984. Í Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Örnólfur Thorsson (ritstj.): *Greinar af sama meidi. Helgaðar Indriða Gíslasyni sjötugum*. bls. 229-245. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Björn Guðfinnson. (1946). *Mállýzkur I*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Björn Guðfinnson. (1981). *Breytingar á framburði og stafsetningu*. Reykjavík: Smárit Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar.
- Burns. S, Matthews. P og E. Nolan-Conroy. (2001). Language attitudes. Í Ceil Lucas (ritstj.): *The Sociolinguistics of Sign Languages*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Chambers. J. K. og P. Trudgill. (1989). *Dialectology*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Helgi Hrafn valinn stjórnmalamaður ársins. (2016, 3. janúar). *Viðskiptablaðið*. Sótt 24. mars af <http://www.vb.is/frettir/helgi-hrafn-valinn-stjornmalamadur-arsins/123812/>
- Helgi Skúli Kjartansson. (1991). Nýstárleg þolmynd í barnamáli. *Skíma* 14:18-22.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). (2013). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*. 1. bindi. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). (2015). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*. 2. bindi. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). (Væntanlegt). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*. 3. bindi. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson. (2000). *Handbók um íslenskan framburð*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Íslenskar mállýskur. (e.d.). Sótt 25. mars 2016 af <http://mallyskur.is/hardmaeli>.
- Jóhannes L. L. Jóhannsson. (1924). *Nokkrar sögulegar athuganir um helztu hljóðbreytingar o. fl. í íslenzku, einkum í miðaldarmálinu (1300-1600)*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.

- Kramsch, C. (1998). *Language and Culture*. Oxford: Oxford University Press.
- Kristján Árnason. (1979). Íslenskt mál - Íslenskt samfélag. Svólítil athugasemd. *Íslenskt mál* 1:202-207.
- Kristján Árnason (1983). *Íslensk málfræði. Kennslubók handa framhaldsskólum*. Reykjavík: Iðunn.
- Kristján Árnason. (1999). Landið, þjóðin, tungan - og fræðin. *Skírnir* 173:449-466.
- Kristján Árnason. (2004). 'Á vora tungu.' Íslenskt mál og erlend hugsun. *Skírnir* 178:375-404.
- Kristján Árnason. (2005). *Hljóð: Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Íslensk tunga I*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Labov, W. (1972). *Sociolinguistic Patterns*. Oxford: Basil Blackwell.
- Lára Hanna Einarsdóttir. (2014, 11. september). *Helgi Hrafn Gunnarsson - Umræða um stefnubreytingu* [myndskeið]. Sótt 22. febrúar 2016 af <https://www.youtube.com/watch?v=PQpMgss6MK0>.
- Mackenzie, L. (2014). *Testing the predictions of usage-based models on language change across the lifespan*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni New Ways on Analyzing Variation 43, Chicago, 26. október, 2014.
- Margrét Guðmundsdóttir. (2016). Viðhorf til framburðar. Skýrsla um rannsókn, drög 2016. [óútgefið handrit].
- Margrét Guðmundsdóttir. (2015). Af harðmæli og hangikjöti, einhljóðum og úldnum sviðum. Í *Ástumál. Kveðin Ástu Svavarsdóttur sextugri 19. janúar 2015*. bls. 50-54. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen.
- Market media research. (2016, 6. apríl). Framsókn næst minnsti flokkurinn á þingi. Sótt 16. mars 2016 af <http://mmr.is/frettir/birtar-nieurstoeur/531-framsoknarflokkurinn-med-naest-minnst-fylgi>.
- Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskilyldualdri*. (1960). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Píratar á Íslandi. (2013, 3. október). *Stefnuræða Helga Hrafn Gunnarssonar 2. október 2013* [myndskeið]. Sótt 22. febrúar 2016 af <https://www.youtube.com/watch?v=GZIIwIDpuA8>.
- Píratar. (e.d. a). Um Pírata. Helstu upplýsingar. Sótt 2. apríl 2016 af <http://www.piratar.is/um-pirata/>.
- Píratar. (e.d. b). Grunnstefna. Sótt 2. apríl 2016 af <http://www.piratar.is/stefnumal/grunnstefna/>
- Rannveig Sverrisdóttir. (2007). „Hann var bæði mál og heyrnarlaus.“ Um viðhorf til táknmála. *Ritið* 1:83-105.

- Romaine, S. (1995). *Bilingualism*. Oxford: Blackwell Publishers.
- Saga Film. (framleiðandi). 2005. *Allt í drasli*. [Sjónvarpsþáttur]. Reykjavík: Skjár einn.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. (2001). „Það var hrint mér á leiðinni í skólann“. Þolmynd eða ekki þolmynd? *Íslenskt mál* 23:123-180.
- Sigríður Sigurjónsdóttir (væntanlegt). Nýja þolmyndin nú og þá: Samanburður tveggja kannana. Í Höskuldur Þránínsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* 3. bindi. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sölvi Sveinsson. (2001). *Íslensk málsaga*. Reykjavík: Iðunn.
- Wingstedt, M. (1998). *Language Ideologies and Minority Language Policies in Sweden. Historical and contemporary perspective*. Stokkhólmur: Center for Research on Bilingualism, Stockholm University Press.